



**Sameiginlegur stjórnarfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi og Textílseturs Íslands
haldinn í Kvennaskólanum mánudaginn 20. mars 2017 kl. 15:00**

Mætt eru Katharina Schneider, Jóhanna Pálmadóttir, Arnar Þór Sævarsson, Valgarður Hilmarsson, Sigrún Hauksdóttir, Helga Sigurbjörnsdóttir og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

Arnar Þór setti fund en fundur þessi er haldinn í framhaldi af fundi sem stjórnirnar héldu saman þann 6. mars sl. varðandi stefnumótun og framtíðarsýn.

Sigrún og Arnar fóru yfir það sem þau ræddu við Þorstein hjá KPMG varðandi praktísk atriði sem snúa að samþættingu starfseminnar í Kvennaskólanum. Það er niðurstaða fundarins að heppilegast er að setrin haldi sínum kennitölum m.t.t. fjármögnunar og fleira. Setja þarf niður rekstrar- og verkefnaáætlun fyrir þessar tvær kennitölur með hliðsjón af því skipuriti sem kynnt var á fundi þann 6. mars sl. Áætlanirnar þurfa að vera tilbúnar fyrir næsta fund stjórnanna sem haldinn verður miðvikudaginn 29. mars. Gísli frá Húnabókhalði og Lee Ann munu verða fengin til þess að koma að þessari vinnu.

Fundargerð upplesin og samþykkt,

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:45.

Þóra Sverrisdóttir